

Alþingi  
Erindi nr. P 128/1588  
komudagur 03.2003



LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgata 7, 150 Reykjavík  
Sími: 545 9750, bréfasími: 552 1160

Nefnadarvið Alþingis  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. mars 2003  
Tilvísun: LAN03020181/650.6  
ÓF/KA

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukinn tollkvóta hreindýrakjöts, 250. mál.  
Tillagan hljóðar svona:

*"Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta kanna hvort auka megi tollkvóta hreindýrakjöts og einnig hvort ástæða sé til að breyta innbyrðis skiptingu afurða í tollkvótanum þannig að sérstakur tollkvóti verði fyrir hreindýrakjöt."*


Samkvæmt 65. gr. A. laga nr. 99/1993 hefur landbúnaðarráðherra heimild til að úthluta tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur samkvæmt viðaukum IVA og B við tollalög nr. 55/1987 á þeim tollum sem um getur í 6. gr. A. í tollalögum. Þessa heimild hefur landbúnaðarráðherra nýtt sér undanfarin ár. Á núverandi úthlutunartímabili þ.e. frá 1. júlí 2002 til 30. júní 2003 var auglýstur sameiginlegur tollkvóti, samtals 12 tonn fyrir fryst hreindýra-, dádýra-, dúfu-, fasana-, lynghænu- og strútakjöt. Þá var umsótt magn meira en úthlutað magn og réð útboð því úthlutun tollkvótanna. Á síðastliðnu tímabili þ.e. frá 1. júlí 2001 til 30. júní 2002 var sama magn auglýst en þá var umsótt magn minna en úthlutað magn og fengu því allir umsækjendur úthlutað tollkvótum í samræmi við umsóknir. Við ákvörðun á úthlutuðu magni tollkvóta er tekið tillit til aðstæðna á innanlandsmarkaði og eftirspurnar eftir tollkvótum viðkomandi vöru. Það er ekkert því til fyrirstöðu að auka tollkvóta fyrir hreindýrakjöt ef aðstæður á markaði eru þannig og ákvörðun um það er tekin en ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara ráðleggur ráðherra í þeim efnum.

Athugasemdir ráðuneytisins við einstaka málsgreinar greinagerðarinnar:

Í 4. mgr. er stungið upp á að skipta tollflokk fyrir hreindýrakjöt upp í fleiri flokka eftir því hvort kjötið er með beini eða beinlaust. Þetta var gert með auglýsingu fjármálaráðuneytisins nr. 169/2002 en þar var tollskrárnúmeri fyrir hreindýrakjöt skipt upp í tvö númer, annars vegar 0208.9007 beinlaust hreindýrakjöt, fryst og hins vegar 0208.9008 hreindýrakjöt með beini, fryst. Við næstu úthlutun tollkvóta er fyrirhugað að skipta tollkvótum á milli hreindýrakjöts annars vegar og dádýra, dúfna, fasana, lynghæna og strúta hins vegar til þess að greina betur á milli eftirspurnar á þessum tegundum.

Í 4. mgr. kemur einnig fram að magntollur á hreindýrakjöt sé 960 kr./kg. Það er ekki rétt heldur er hann 1014 kr./kg.

F.h.r.

  
Ólafur Friðriksson